



Byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2026

Efni: Vottorð um öryggisúttekt.

Umboðsmaður barna vísar til fyrri samskipta við byggingarfulltrúa Reykjavíkur vegna öryggisúttektar á mannvirkinu að Fossaleyni 17, þar sem Stuðlar, meðferðarheimili fyrir börn, er til húsa.

Umboðsmaður barna sendi byggingarfulltrúa Reykjavíkur bréf þann 24. apríl sl. þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort gefið hafi verið út vottorð um öryggisúttekt vegna viðbyggingar á Stuðlum. Hefði slíkt vottorð ekki verið gefið út var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvort byggingarfulltrúi hefði gripið til aðgerða vegna notkunar húsnæðisins frá því að það var tekið aftur í notkun í apríl 2025. Svar byggingarfulltrúa barst þann 4. maí sl. Þar kom fram að við öryggis- og lokaúttekt hefðu verið gerðar athugasemdir við brunahólfandi hurðir sem samræmdust ekki hönnunargögnum og að vottorð um öryggisúttekt hefði því ekki verið gefið út.

Í samskiptum umboðsmanns við skrifstofu skipulags- og byggingarmála hjá Reykjavíkurborg kom fram að byggingarfulltrúi hafi þann 5. maí sl. tilkynnt eiganda eignarinnar, Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum, að notkun mannvirkisins væri óheimil í óbreyttu ástandi. Að fengnum svörum eiganda hafi hins vegar verið ákveðið að heimila notkun þess tímabundið með bráðabirgðaráðstöfunum sem m.a. felast í aukinni mönnun. Þá hefur komið fram að eftirfylgni með þeim ráðstöfunum standi enn yfir og að vottorð um öryggisúttekt verði ekki gefið út að svo stöddu.

Á neyðarvistun Stuðla dvelja börn sem hafa verið frelsissvipt til þess að tryggja öryggi þeirra og því er sérstaklega mikilvægt að fyllsta öryggis sé gætt. Umboðsmaður barna telur því mikilvægt að fyrir liggi með skýrum hætti á hvaða grundvelli notkun mannvirkisins hefur verið heimiluð og hvernig öryggi þeirra barna sem þar dvelja er tryggt.

Umboðsmaður barna óskar því eftir nánari upplýsingum um ákvörðun um að heimila notkun mannvirkisins með bráðabirgðaráðstöfunum, þ.m.t. á hvaða laga- og reglugerðarákvæðum eða öðrum heimildum hún byggist og hvaða mat á öryggi mannvirkisins, einkum brunavörnum, lá

henni til grundvallar. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um þær bráðabirgðaráðstafanir sem settar voru sem skilyrði fyrir áframhaldandi notkun, þar á meðal hvaða kröfur voru gerðar um aukna mönnun og hvernig fylgst hefur verið með því að þeim kröfum og öðrum ráðstöfunum sé fylgt. Þá er óskað eftir upplýsingum um hvort leitað hafi verið umsagnar eða álits slökkviliðs, brunahönnuðar eða annarra sérfræðinga áður en ákvörðunin var tekin og, ef svo er, hver niðurstaða þess mats hafi verið.

Að lokum er óskað eftir upplýsingum um núverandi stöðu málsins, þar á meðal stöðu úrbóta á brunahólfandi hurðum, og hvenær áætlað er að úrbótum verði lokið og unnt verði að gefa út vottorð um öryggisúttekt fyrir mannvirkið.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna